



Kaskó Vernd



Hvað er tryggt?

Tryggð endurgreiðsla á sjálfsábyrgð sem tryggingafélagið þitt innheimtir ef þú lendir í bótaskyldu tjóni á tryggðu ökutæki.

Ennfremur er tryggð endurgreiðsla á sjálfsábyrgð á bílum sem leigðir eru í gegnum viðurkenndar bílaleigur erlendis.

Hvernig virkar þetta?

Kaskó Vernd er viðbót við þær bifreiðartryggingar sem þú hefur hjá þínu tryggingafélagi, en kemur ekki í stað þeirra trygginga.

Trygging er gerð til eins árs og endurnýjast sjálfkrafa á ári hverju.

Komi til bótaskylds framrúðutjóns sækir þú bætur til þíns tryggingafélags sem mun krefjast greiðslu á sjálfsábyrgð. Þegar tryggingafélagið hefur lokið vinnslu við bótakröfu þína tilkynnir þú tjónið til Tryggingamiðlunar Íslands tmi@tmi.is, sendir afrit af tjónauppgjörinu og í framhaldinu færðu sjálfsábyrgðina endurgreidda, að hámarki 146.500 kr.

Tryg

Kaskó Vernd er unnin í samstarfi við Tryg Forsikring A/S. Tryg er stærsta tryggingafélag Danmerkur, þriðja stærsta í Svíþjóð og fjórða í Noregi. Tryg byggir á gömlum grunni en elsti partur Tryg var stofnaður 1731 í kjölfar brunans mikla í Kaupmannahöfn 1728, sem lagði borgina nær í rúst. Tryg tryggir 5.3 milljónir viðskiptavina og er fjórði hver Dani tryggður hjá Tryg.

Traust þjónusta síðan 1997

Tryggingamiðlun Íslands hefur miðlað váttryggingum frá árinu 1997 og hefur verið á lista Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki í rekstri óslitið síðan 2010.

TMÍ hefur verið samstarfsaðili Tryg í 20 ár. Öll sala og þjónusta Framrúðu Verndar fer fram hjá Tryggingamiðlun Íslands.

Afhverju Kaskó Vernd

Sjálfsábyrgð tryggingafélaga við tjón á ökutækjum er um 130 - 170 þúsund krónur.

Af því endurgreiðir Kaskó Vernd að hámarki 146.500 kr.

Svo lengi sem þitt tryggingafélag bætir tjónið þá mun Kaskó Vernd endurgreiða sjálfsábyrgðina.

Einfalt að sækja um tryggingu og enn einfaldara að sækja bætur.

Nánar um tryggingu

Vátrygging	Kaskó Vernd
Virkni	12 mánaða vátryggingarvernd sem greiðir að hluta eða öllu sjálfsábyrgðina sem fellur á viðskiptavin við kröfu úr kaskótryggingu bifreiðar. Tryggingin gildir einnig um bíla sem viðskiptavinur leigir erlendis, sé hann leigður í gegnum löglega bílaleigu.
Vátryggingarfjárhæð	Allt að 146.500 kr. fyrir stakt tjón en aðeins er hægt að gera eina kröfu á hverju vátryggingartímabili.
Gildissvið	Tryggingin minnkar eða greiðir að fullu þá sjálfsábyrgð sem eigandi bifreiðarinnar þarf að greiða við kröfu úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns á framrúðu. Tryggingin bætir ekki: • Ef ökumaður ökutækisins er ekki með gilt ökuskríteini • Tjón vegna aðgerða eða aðgerðarleysis, hvort sem um viljaverk er að ræða eða stórkostlegt gáleysi, þar á meðal ólöglegar athafnir. • Skemmdir sem koma til vegna ölvunar og/eða neyslu lyfja/eiturlyfja eða annarra vímugjafa. • Skemmdir á bílaleigubíl sem leigður er innanlands • Skemmdir á bílaleigubíl sem er eldri en 10 ára • Skemmdir á sérstökum bílaleigubíl, t.d. sportbíl, limosínu, utanvega- eða fjallabílum Ofangreint er ekki fullt yfirlit yfir gildissvið tryggingarinnar. Fulla lýsingu á vátryggingarvernd, þar á meðal takmarkanir og reglur um bætur má finna í viðeigandi vátryggingarskilmálum.
Frádráttarbærni	Engin
Ársiðgjald fyrir FÍB félagi	13.000 ISK á ári, vísitölu tengt (0-10 ára bifreiðar) 15.000 ISK á ári, vísitölu tengt (10-15 ára bifreiðar)